

**1. Stjórnarfundur nýrrar stjórnar Skógfræðingafélags Íslands sem að þessu sinni er skipuð Norðlendingum.**

*Haldin í Gömlu Gróðrarstöðinni 19. mars 2014, kl 11.00*

Mætt eru Bergsveinn Þórsson, formaður, Brynjar Skúlason og Rakel J. Jónsdóttir.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir milli sín embættum, formaður lagði til að Brynjar yrði gjaldkeri og Rakel ritari og var tillagan samþykkt.
2. Gunnarssjóður. Ákveðið að Brynjar færi í að ræða við fjölskyldu Gunnars um áframhaldandi vinnu við drög að reglum sjóðsins.
3. Merki félagsins. Beggi tekur að sér að senda félagsmönnum hvatningu um að senda inn tillögu að merki félagsins. Gefnar verði tvær vikur til að skila inn tillögum og stefnt að því að efna til kosninga meðal félagsmanna um tillögurnar á netinu.
4. Endurmenntun. Stjórnin stefnir að því að halda námskeið til endurmenntunar skógfræðinga á haustmánuðum og leita til þess styrkja. Málið var falið Begga og Rakel.
5. Önnur mál:
  - Brynjar vakti máls á því að stjórn yrði vakandi gagnvart ákvarðanatöku um ný náttúruverndarlög. Hvort eigi að taka þau upp eða samþykkja óbreytt. Ef taka á lögini upp þurfi að kanna vel hvað þurfi að breytast og gera tillögur að breytingum.
  - Rakel kom með tillögu um að félagið hafi forgöngu um kynningu á skógrækt með því að halda dag svipuðum Skógardeginum Mikla hér Norðanlands. Tók að sér að kynna málið viðeigandi aðilum sem eru NLS, SR, SE og Félag skógarbænda á Norðurlandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.00.